

Óli Tynes framkvæmdaritstjóri Frjáls framtaks. DB-mynd R. Th. Sig.

Bréf frá Óla Tynes:

Smámis-skilningur

Kæra Elín.

Það varð smámisskilningur í samtali okkar um Fólk og mitt nýja starf, sem birtist í DB á mánudaginn í síðustu viku, sjálfsagt vegna þess að ég hef ekki skýrt þetta nógu vel. Í greinarkorninu segir að ein ástæðan fyrir að Fólk hætti að koma út hafi verið sú að blaðið hafi stundum tafizt í prentun og erfiðlega gengið að koma því út á réttum tíma.

Hið rétta er að Fólk kom undantekningarlaust út á réttum tíma, en hins vegar hafa stundum orðið tafir, af ýmsum orsökum, hjá hinum átta blöðunum sem Frjálst framtak gefur út. Eitt af mínum verkefnum er að reyna að koma á samræmingu til að laga þetta.

Þetta er svo sem ekkert stórmál en hins vegar er leiðinlegt fyrir vini okkar hjá Ísafoldarprentsmiðju að liggja undir því að hafa orðið Fólki að fjörtjóni, því þeir stóð sig alltaf mjög vel.

Kær kveðja
Óli Tynes.

Jón E. Guðmundsson leikbrúðumaður:

Sýndi fyrst í Alþýðuhúsinu fyrir 26 árum

— og alltaf eykst áhuginn fyrir leikbrúðusýningum


„Sýningin hjá mér gekk mjög vel. Nemendur í Leiklistarskóla ríkisins sýndu brúðuleikhús, Skugga-Svein, og það vakti mikla athygli enda frábærlega vel gert hjá krökkunum. Þetta er í fyrsta skipti sem nemendur í Leiklistarskólanum stjórna brúðuleikhúsi. Pétur Einarsson skólastjóri Leiklistarskólans var mjög jákvæður gagnvart því að krakkarnir fengju að kynnast þessari hlið á leiklistinni," sagði Jón E. Guðmundsson brúðuleikhússnillingur, en hann hefur undanfarið sýnt leikbrúður, málverk, teikningar og tréskurðarmyndir við góðan orðstír á Kjarvalsstöðum.

Jón E. Guðmundsson hefur líka langa reynslu í gerð leikbrúða. Fyrsta sýning hans var árið 1954 í Alþýðuhúskjallaranum. Þá sýndi hann Rauðhettu og Hans og Grétu. Síðar sýndi hann í Iðnó og í einn vetur í Tjarnarbíói. Þá ferðaðist hann kringum landið með leikbrúðurnar sínar.

„Nei, ekki get ég sagt að ég sé orðinn leiður. Að vísu var þetta erfitt til að byrja með en núna er kynningin orðin góð og mikill áhugi fyrir leikbrúðusýningum," sagði Jón. Á milli þess sem hann býr til leikbrúður kennir hann myndlist í Austurbæjarskólanum.

Jón E. Guðmundsson er sennilega hvað þekktastur hjá yngri kynslóðinni fyrir Pétur páfagauk. Pétur hefur heimsótt gæzluvelli Reykjavíkur undanfarin sumur með hinum vinsæla brúðubíl. „Ég verð ekki með brúðubílinn næsta sumar, í staðinn verða með hann þær Helga Steffensen, Bryndís Gunnarsdóttir og Sigríður Hannesdóttir."

Jón hefur hug á að bæta við brúðum í Skugga-Svein og þjóðleikhússtjóri hefur sýnt áhuga á verkinu. „Ég er með 9 brúður núna í Skugga-Sveini og ætla að bæta við 9," sagði Jón. „Ég hef auk þess fengið tilboð frá Finnlandi um að koma með sýninguna þangað en ég veit ekki hvað verður úr. Það tekur mjög langan tíma að búa til brúðurnar, ætli það taki mig ekki 4—5 mánuði," sagði Jón E. Guðmundsson. -ELA.



Jón E. Guðmundsson hefur skapað margar persónurnar, meðal annars þessar. Þá hefur hann skapað hinn vinsæla Pétur páfagauk sem flestöll börn þekkja vel og Fúsa flakkara, sem lengi var gestur í Stundinni okkar.

FÓLK



Ævintýra-plata frá Gylfa

— Hermann Gunnarsson syngur og segir ævintýrin

Ævintýrin um Rauðhettu og Hans og Grétu eru viðfangsefnið á nýjustu plötu Gylfa Ægissonar. Hermann Gunnarsson les ævintýrin og síðan syngja ýmsir söngvarar lög Gylfa, þar á meðal syngur Hermann eitt.

Aðrir sem koma fram á þessari barnaplötu eru Margrét Ragna Jónasdóttir, sem syngur hlutverk Rauðhettu. Margrét er dóttir hins kunna Jónasar R. Jónssonar. Í hlutverki Grétu er Anna Lísa Sigurjónsdóttir og Páll Óskar Hjálmtýsson syngur Hans. Þórhallur Sigurðsson, Laddi, leikur úlfinn í Rauðhettu af stakri innlifun og Áróra Halldórsdóttir leikur ömmuna. Hlutverk nornarinnar tók Gylfi Ægisson að sér sjálfur.

Hljóðfæraleikarar á ævintýraplötunni eru Sigurður Karlsson, Þorsteinn Magnússon, Engilbert Jensen, Rúnar Júlíusson og Gylfi Ægisson. Bakraddir syngja Engilbert, Rúnar og María Baldursdóttir.

Fleira FÓLK

Eysteinn endur-sendi boðskortið



Eins og Dagblaðið hefur skýrt frá var Moskvu-ólympíuförunum ásamt forystumönnum ÍSÍ boðið í sovézka sendiráðið sl. fimmtudagskvöld. Fengu þeir að sjá þar kvikmynd af hinni glæsilegu opnunarathöfn ólympíuleikanna. Síðan var boðið upp á hressingu.

Meðal þeirra sem fengu boðskort var Eysteinn Þorvaldsson, formaður Júdósambands Íslands. En Eysteinn kærði sig ekki um að þiggja boð sendiráðsins og endursendi því boðskortið.

Eysteinn fékk eins og mörgum er kunnugt nokkuð hranalegar móttökur í keppnisferð júdólandsliðsins til Sovétríkjanna fyrir nokkrum árum. Var hann tekinn hraustlegum tökum af varðmönnum austantjalds.

... en dr. Ingimar mætti



Einn af boðsgestunum í sovézka sendiráðinu var dr. Ingimar Jónsson, forseti Skáksambandsins. Skáksambandið er nú reyndar ekki í ÍSÍ en engu að síður var honum boðið.

Þetta er reyndar ekki fyrsta boðið sem dr. Ingimar fær frá Rússunum. Í sumar spókaði hann sig um í Moskvuborg meðan á ólympíuleikunum stóð í boði Sovétstjórnar. Aðrir Íslendingar undruðust þá mjög hvílíkar móttökur íþróttadoktorinn fékk því undir hann var lagður m.a. mikill glæsivagn ásamt einkabílstjóra. Svo mjög var fyrir honum haft að saklausir Sovétborgarar héldu að þar færi þjóðhöfðingi.


Flugkappinn á listflugunni

Nýlega var einn af blaðamönnum blaðsins staddur við gamla flugturninn á Reykjavíkurflugvelli. Sá hann þá hvar lítil flugvél var að leika listir sínar í háloftunum yfir Álftanesinu. Fór flugvélin margar veltur, flaug á hvolfi, spann lóðrétt niður og gerði ýmislegt fleira sem kitlaði í magann. Loks lenti flugvélin og flugmaðurinn ók í hlað. Hvaða kappi skyldi þetta hafa verið? spurði blaðamaðurinn sjálfan sig. Hann þurfti ekki að bíða lengi eftir svarinu. Agnar Kofoed Hansen flugmálastjóri sté frá borði.

„Færum okkur niður Laugaveginn næst"

„Ætli við færum okkur ekki upp og niður Laugaveginn til skiptis. Jón nágranni okkar í Hljómplötuútgáfunni má fara að vara sig," sagði Sigurður Steinþórsson, sem rekur fyrirtækið Gull & Silfur með Magnúsi bróður sínum og foreldrum þeirra. Bræðurnir keyptu nú nýverið snyrtivöruverzlunina Bonny, næstu búð fyrir ofan Gull & Silfur.

Það eru eiginkonur Sigurðar og Magnúsar, Gloria Steinþórsson og Kristjana Ólafsdóttir sem sjá um daglegan rekstur Bonnyar. Ætlunin er að verzlunin sérhæfi sig í ilmvötnum í framtíðinni. Sigurður sagði að einmitt væri verið að fylla hana af ilmvötnum þessa dagana. „Að sjálfsögðu verður einnig boðið upp á aðrar vörur eins og fyrr," bætti hann við.



Magnús og Sigurður Steinþórssynir á tröppunum við Gull & Silfur. Konur þeirra, Kristjana Ólafsdóttir og Gloria Steinþórsson, sjá nú um höndlunina við hliðina. DB-mynd: Gunnar Örn.

Í Dagblaðinu á grímuball

Þessi unga stúlka, Anna Katrín Pétursdóttir, sem býr í Keflavík, fékk dálaglega[illegible] grímubúning er hún arkaði á grímuball [illegible] skóla Heiðars Ástvaldssonar fyrir skömmu. Meiningin var að nemendurnir kæmu í sem frumlegustu búningum og þá gjarnan heimatilbúnum. 74 ára gömul keflvísk kona gerði sér lítið fyrir, safnaði nokkrum Dagblöðum og sjá úr þeim gat hún gert þennan fína kjól og hatt við handa Önnu Katrínu. Já, Dagblaðið er hægt að nota til fleira en lesturs og undir fisk... -ELA.



[illegible] ekki Álverið [illegible] svo slæmt

Vitið þið af hverju Hafnfirðingar brosa alltaf í átt til Straumsvíkur?

Til þess að fá flúor í tennurnar.